

## Tilmæli um verklag

### Ráðleggingar blóðmeinafræðideildar Landspítala um uppvinnslu

#### vegna gruns um ættlæga bláæðasegahneigð í blóði

1. Rannsóknir m.t.t. ættlægrar bláæðasegahneigðar eru dýrar. Þær skal því aðeins gera ef líkur eru til þess að niðurstöðurnar hafi áhrif á meðferð eða ráðgjöf til sjúklings og/eða ættmenna.
2. Þannig er t.d. sjaldan ástæða til að rannsaka bláæðasegahneigð vegna bláæðasega sem verða í tengslum við augljósan tímabundinn áhættuþátt, t.d. skurðaðgerðir eða alvarlega sjúkdómslegu.
3. Sé ástæða til uppvinnslu (sbr. neðangreindar ráðleggingar) er mælt með því að hún sé gerð áður en blóðþynning hefst en annars um 4 vikum eftir að blóðþynningu hefur verið hætt. Athugið að blóðþynning hefur áhrif á sumar mælinganna til lækkunar. Afbrigðilegar niðurstöður skal að jafnaði staðfesta áður en endanleg greining er gerð.
4. Sé óljóst hvort uppvinnsla skuli gerð er mælt er með því að haft sé samband við blóðmeinafræðing eða blóðlækni til ávkörðunar á gagnsemi hennar í hverju tilviki og hvenær sé rétt að vinna sjúklinginn upp.
5. Séu niðurstöður afbrigðilegar má vísa sjúklingum til yfirferðar niðurstaðna og ráðgjafar hjá blóðlækni eða blóðmeinafræðingi.

Áhættuaukning er

- a. **fremur lítill (x3-7):** arblendni fyrir factor V Leiden (um 4% Íslendinga) og prothrombin 20210A (<1% Íslendinga)
- b. **meiri (x10):** skortur á prótein C, S, antithrombini,
- c. **veruleg (x20-70):** lupus anticoagulant, arfhreinn factor V Leiden, arfhreinn PT 20210A, tvíarfblendni („combination thrombophilia“).

#### 6. Ábendingar rannsóknarinnar að ráði blóðmeinafræðideilda eru eftirtaldar:

- a. Djúpur bláæðasegar hjá nýburum, börnum og unglungum
- b. Sjálfvakinn djúpur bláæðasegi hjá sjúklingi yngri en 40-50 ára, m.ö.o. ekki tengdur áhættuþáttum eins og skurðagerð, krabbameini, æðalegg, lömun, slysi o.s.frv.
- c. Endurteknir bláæðasegar, sérstaklega ef sjúklingurinn fær blóðsega á blóðþynningu
- d. Bláæðasegi á hvaða aldri sem er ef tveir eða fleiri náskyldir ættingjar hafa fengið bláæðasega
- e. Djúpur bláæðasegi á óvenjulegum stað, t.d. vena subclavia, vena cava, portal venokerfi
- f. Hjá konum:
  - i. ef djúpur bláæðasegi greinist á meðgöngu, post-partum eða í tengslum við notkun getnaðarvarnarpillu
  - ii. Saga um endurtekin fósturlát ( $\geq 3$ ) eða fósturlát á öðrum þriðjungi meðgöngu
  - iii. fyrir gjöf getnaðarvarnarpillu eða aðra östrórgengjöf aðeins ef saga er um sjálfvakinn djúpan bláæðasega í systkini eða foreldri
- g. Húðdrep eftir gjöf warfaríns eða skyldra lyfja

**Blóðmeinafræðideild ráðleggur eftirfarandi próf** (öll gerð í einu ef þöntuð er „bláæðasegahneigð“):  
Blóðhagur, antithrombin, prótein C, prótein S, APC viðnám, stökkbreytingarnar faktor V Leiden og prothrombin 20210A, lupus anticoagulant og anticardiolipin mótefni.

**Heimild:** Favaloro EJ, Lippi G. Coagulation update: what's new in hemostasis testing? Thrombosis Research. 2011;127 Suppl 2:S13-6.

Höfundar: Brynjar Viðarsson og Páll Torfi Önundarson læknar, Blóðmeinafræðideild Landspítala

Október 2011